

## Markáætlun 2009 til 2015

### Öndvegissetur og rannsóknaklasar

Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá í desember 2007 er fjallað um áskoranir sem blasa við íslensku þekkingarsamfélagi og áherslur í vísindum, tækniþróun og nýsköpun á komandi árum (sjá [www.vt.is](http://www.vt.is)). Ráðið telur að nýsköpun og öflugt vísindastarf mun á nýrri öld skipta sköpum í samkeppni og samvinnu þjóða. Bent er á svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Ályktunin byggir á verkefninu Framsýni 2020 sem Vísinda- og tækniráð stóð fyrir árið 2007.

Markmiðið er að efla vísinda- og tæknirannsóknir, hvetja til árangursríkrar samvinnu milli ólíkra aðila innanlands og í alþjóðlegu samhengi, og ýta undir verðmætasköpun og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Rannsóknaklasinn eða öndvegissetrið á að hafa möguleika til að verða framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi.

Vísinda- og tækniráð sér sérstök tækifæri í að:

- efla rannsóknir á menntun og kennslu til að þróa menntakerfið svo að það standi betur undir sívaxandi kröfum um þekkingu, virkni, sköpunarkraft, frumkvæði og sveigjanleika
- gera nýsköpunarstarfsemi að álitlegum fjárfestingarkosti og hvetja innlenda og erlenda fjárfesta og samkeppnissjóði til að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum öflugan stuðning
- efla rannsóknir á íslenskum menningararfi, handrita- og bókmenningu, tungu og samtímamenningu samhliða þeirri áherslu sem nú er lögð á útrás og alþjóðlega ímynd landsins
- efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsuefningu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu, lyfjatekni og þróun matvæla
- efla rannsóknir á auðlindum lands og sjávar og hvernig nýta megí náttúrulegar auðlindir betur með sjálfbærum hætti
- efla rannsóknir á líklegum og afdrifaríkum breytingum lofts, láðs og lagar með öflugri þátttöku atvinnulífsins og fræðimanna úr fjölmörgum greinum

- efla rannsóknir sem snúa að innviðum íslensks samfélags, sérstöðu þess og séreinkennum
- efla skapandi greinar þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi, afþreying og fjárfestar mætast og ný starfsemi vex fram

Fjárveitingar til markáætlana munu fjórfaldast á komandi árum á sama tíma og framlög til opinberra samkeppnissjóða munu tvöfaldast. Gert er ráð fyrir að 155 millj. kr verði til ráðstöfunar í nýja markáætlun árið 2009.

### **Markáætlanir**

Markáætlanir eru frábrugðnar samkeppnissjóðum og beinum framlögum til stofnana í ákveðin verkefni. Markáætlun nær til nokkurra ára (4 til 7 ára) og er ætlað að ná markmiðum sem mikilvæg eru fyrir þróun þekkingar og samkeppnisstöðu Íslands. Ráðið leggur áherslu á að tengsl milli háskóla, stofnana, fyrirtækja og stjórnvalda á viðkomandi sviði styrkist innanlands sem utan, enda hafi þessir aðilar komið sér saman um sýn á starfið, markmið með því og leiðir til að ná þeim. Klasasamstarf er talið vera heppilegt samstarfsform. Markáætlun þarf að hafa faglega breidd, gjarnan þvert á fræðasvið, og skapa möguleika á nýjum lausnum. Markmið markáætlana þarf að fela í sér alþjóðlegt samstarf, nýnæmi í rannsóknasamstarfi og nýsköpun. Markáætlun er opin öllum þeim aðilum sem telja sig eiga erindi í samstarf um viðfangsefni þeirra. Fyrirtæki eru hvött til að skoða vel þá kosti sem felast í slíku samstarfi. Síðast en ekki síst er mikilvægt að markáætlunin hafi gildi fyrir samfélagið í samfélagslegu, menningarlegu eða hagrænu tilliti.

Markáætlun er því til að styðja sérstök áherslusvið sem auka fjölbreytni vísinda- og tæknisamfélagsins eða þjóna nýjum markaði tengdum rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu.

### **Styrkir til öndvegissetra og rannsóknaklasa**

Hægt er að sækja um allt að 80 milljónir króna í styrk á ári í að hámarki 7 ár. Tveir til fjórir styrkir eru í boði frá og með árinu 2009. Næst verður auglýst eftir umsóknum um styrki úr markáætlun árið 2010 (miðað við úthlutun frá og með 2011).

Gerð er skilyrðislaus krafa um víðtækt og virkt samstarf milli háskóla, stofnana og fyrirtækja sem og um virkt erlent samstarf.

Hvert setur eða klasi þarf að:

- byggja á bestu mögulegu þekkingu og reynslu innanlands og hjá erlendum samstarfsaðilum
- hafa sameiginlega stjórn með fulltrúum allra mikilvægra þátttakenda

- vinna í samræmi við áætlun sem skilgreinir vel hlutverk allra þátttakenda
- byggja á traustum efnahagslegum grunni og fullnægjandi mannauði
- búa yfir fullnægjandi tækjakosti og öðrum búnaði
- hafa áætlun um þjálfun ungs vísinda- og tæknifólks

Styrki verður hægt að nota til að greiða laun og annan kostnað við rannsóknir, fyrir utan kostnað vegna tækjakaupa. Engin krafa er gerð um ákveðið mótframlag en umsóknir verða m.a. metnar á framlagi þátttakenda til þeirra rannsókna og nýsköpunar sem sótt er um styrk til.

## **Auglýst er eftir umsóknum á tveimur þrepum.**

### **Prep 1. Hugmyndir**

Íslensku vísinda- og tæknisamfélagi (atvinnulífi, háskólum, stofnunum, einstaklingum og samtökum) er boðið að leggja fram hugmyndir að öndvegissetrum eða rannsóknaklössum sem taka mið af þeim áherslum sem fram koma í ályktun ráðsins og fylgigögnum ([www.vt.is](http://www.vt.is)). Auglýst er eftir hugmyndum föstudaginn 4. apríl með frest til að leggja fram hugmyndir á allt að 8 blaðsíðum til 13. maí. Hugmyndir verða að berast skrifstofu Rannís fyrir klukkan 16 þriðjudaginn 13. maí á pappír og með tölvupósti til [rannis@rannis.is](mailto:rannis@rannis.is). Staðfest yfirlýsing allra leiðandi þátttakenda skal fylgja.

Starfshópur á vegum starfsnefndanna fer yfir hugmyndirnar og leggur fyrir nefndirnar sína niðurstöðu, sem síðan verður endanlega staðfest á fundi ráðsins í vor. Ströngustu reglum um vanhæfi verður fylgt við umfjöllun hugmynda í nefndunum. Ekki fleiri en 10 hugmyndir verða valdar til frekari þróunar.

Í hugmyndum skal eftirfarandi koma fram:

1. Hvernig setrið eða klasinn samræmist áherslum Vísinda- og tækniráðs frá 18. desember 2007, með sérstöku tilliti til tækifæranna sem listuð eru í byrjun þessa skjals.
2. Markmið samstarfsins
3. Hvaða einstaklingar, stofnanir, fyrirtæki og háskólar standa að hugmyndinni og munu eiga umtalsverðan þátt í samstarfinu og hvaða möguleikar eru á að byggja upp frekara samstarf
4. Áætlun um framkvæmd og fjármögnun með skýringum á fjárþörf
5. Áhrif sem setrið eða klasinn getur haft á íslenskt samfélag

Hugmyndirnar verða metnar samkvæmt eftirtöldum viðmiðum:

1. Samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs
2. Nýnæmi hugmyndar og möguleikar á nýsköpun
  - a. Nýnæmi hugmyndar og möguleiki á nýjum lausnum
  - b. Möguleikar á að markmið náist með þeim aðferðum sem lagðar eru til
3. Samstarfshópur og samstarfsmöguleikar
  - a. Hæfni og reynsla þátttakenda í rannsóknum og nýsköpun
  - b. Nýtt samstarf milli fyrirtækja, rannsóknastofnana og háskóla og virk þátttaka allra aðila í framkvæmd og stjórnun
  - c. Þjálfun ungs vísinda- og tæknifólks
  - d. Alþjóðleg tengsl
4. Raunhæfni
  - a. Raunhæfni áætlunar um framkvæmd og fjármögnun
  - b. Þörf fyrir styrkfé
5. Áhrif
  - a. Verðmætasköpun og áhrif á samkeppnishæfni þjóðarinnar
  - b. Efnahagsleg, menningarleg og félagsleg áhrif
  - c. Mat á áhættu við framkvæmd

## Prep 2. Útfærsla

Starfsnefndir Vísinda- og tækniráðs velja allt að 10 hugmyndir til frekari útfærslu og fær hver hópur 1.000.000 kr. til að þróa hugmyndina og til að byggja upp samstarf. Hóparnir geta leitað eftir aðstoð hjá Rannís og Impru. Hugmyndirnar verða auglýstar á heimasíðum Rannís og Vísinda- og tækniráðs og aðstandendur þeirra hvattir til að bjóða nýja samstarfsaðila velkomna.

Starfsnefndirnar leggja fram yfirlit yfir þær forsendur og skilyrði sem umsóknir skulu uppfylla. Þar með er krafa um skýra sýn á hvaða niðurstöðum samstarfið getur skilað, um möguleika á

framhaldi af samstarfi og hugmyndir um sókn í erlendar rannsóknáætlanir (t.d. 7. Rammaáætlun ESB), um ávinning af erlendu samstarfi, um efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan ávinning og nýjungar í formi þekkingar, nýrra fyrirtækja, birtingar greina og annað sem skiptir máli.

Frestur til að skila fullbúnum umsóknum rennur út 1. október 2008 og mun Vísinda- og tækniráð velja 2 til 4 hópa sem fá styrk frá 1.janúar 2009 á fundi í lok árs 2008.

Allar umsóknir verða metnar af þremur erlendum sérfræðingum. Sérstakt ad hoc fagráð skipað meðlimum fagráða Rannsóknasjóðs og Tækniþróunarsjóðs mun fjalla um umsóknirnar áður en starfshópur á vegum nefnda Vísinda- og tækniráðs tekur þær til umfjöllunar og gerir tillögu til nefndanna og ráðsins um afgreiðslu. Ströngustu reglum um vanhæfi verður fylgt við mat umsókna og ákvörðun um styrkveitingu.

### **Framkvæmd**

Gerðir verða samningar við aðstandendur verkefna og rík áhersla lögð á að skilgreina áfanga þar sem kostur er á að meta hvort framgangur er í samræmi við áætlanir. Styrkir verða veittir að hámarki 7 til ára en fjárveitingar verða háðar mati á framvindu einu sinni á ári og ítarlegu mati erlendra sérfræðinga eftir 3 ár.

Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands, mun hafa umsjón með öllu ferlinu í nánu samstarfi við starfsnefndir Vísinda- og tækniráðs. Rannís mun annast upplýsingagjöf og leiðsögn við undirbúning , framkvæmd og eftirlit með viðkomandi áætlun. Impra mun aðstoða aðstandendur verkefna við áætlanagerð í samráði við Rannís. Rannís mun einnig annast, í umboði nefnda Vísinda- og tækniráðs, mat á framgangi áætlunarinnar bæði á starfstímanum og að honum loknum.